

Velferðarnefnd Alþingis

Reykjavík 12. janúar 2021

Umsögn um frumvarp til laga um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna.

Vísað er til beiðni velferðarnefndar Alþingis til umboðsmanns barna, dagsettri 17. desember 2020, þar sem óskað er umsagnar vegna frumvarps til laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna, 354. mál.

Umboðsmaður barna fagnar því að fram sé komið frumvarp þar sem kveðið er á um aðgang barna og foreldra að samþættri þjónustu með áherslu á snemmtækan stuðning. Með því að veita aðgang að samþættri þjónustu fæst betri yfirsýn yfir þjónustu og þjónustufarfar barns auk þess sem samþætting er til þess fallin að stuðla að skilvirkari þjónustu. Þá hefur sú áhersla sem lögð er á snemmtækan stuðning grundvallarþýðingu fyrir hagsmuni barna og fjölskyldur þeirra. Frumvarpið kemur ekki til með að leysa gildandi lög um einstaka þjónustufætti af hólmi enda er markmið þess að stuðla að samfelldni og aukinni skilvirkni í þeirri þjónustu sem þegar er veitt.

Það er jákvætt að sérstaklega sé kveðið sé á um það að tryggja eigi þátttöku barna á farsældarþingi og að ráðherra sé falið að tryggja þátttöku þeirra og að útfæra hvernig henni verði háttáð. Mikilvægt er að leitað verði eftir þátttöku frá fjölbreyttum hópum barna, svo sem fötluðum börnum, börnum með annað móðurmál en íslensku og öðrum hópum barna sem eru í viðkvæmri stöðu. Í 23. gr. Barnasáttmálans og í 7. gr. samnings Sameinuðu Þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks er fjallað um rétt fatlaðra barna og mikilvægi þess að aðgengi þeirra að samfélagsþátttöku sé tryggt.

Meðal markmiða þessa frumvarps er að skapa aðstæður til þess að hægt sé að bregðast fyrir við þörfum barna fyrir stuðning. Í texta frumvarpsins er notast við hugtakið snemmtækur stuðningur til að lýsa úrræðum sem hafa það að markmiði að veita börnum og fjölskyldum þeirra hjálp um leið og þörf fyrir hana vaknar. Í greinargerð er töluvert fjallað um mikilvægi snemmtæks stuðnings m.a. til þess að hægt sé að fyrirbyggja að vandi barna verði umfangsmeiri. Það er ljóst að ef frumvarp um samþætta þjónustu á að geta náð markmiðum er snúa að snemmtækum stuðningi þarf að koma í veg fyrir að langir biðlistar myndist eftir þjónustu, en það er nú þegar ein helsta fyrirstaða þess að börn fái þann stuðning sem þau þurfa á að halda þegar þörf eftir slíkum stuðningi skapast.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að foreldrar og/eða börn geti óskað eftir samþættingu þjónustu og er því um þjónustuboð að ræða sem er að öllu leyti valkvætt. Það getur verið vandkvæðum bundið að þjónusta sem þessi sé valkvæð enda getur það leitt til þess að börn sem þurfi á samþættri þjónustu að halda fari á mis við hana ef foreldrar og/eða barnið telji hennar ekki þörf þrátt fyrir mat fagfólks. Í 3. gr. Barnasáttmálans, samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins er kveðið á um að það sem barni er fyrir bestu eigi að vera haft að leiðarljósi þegar ákvarðanir eru teknar um velferð barna. Betur hefði farið á því að þjónusta yrði samþætt þegar könnun fagfólks hefði leit í ljós að þörf væri á slíkri þjónustu. Það er framfaraskref að börn njóti sjálfstæðs réttar til þess að óska eftir samþættri þjónustu líkt og gert er ráð fyrir, hins vegar hefði þurft að taka á því hvernig fara ber með þau tilfelli þar sem ágreiningur verður meðal barns og foreldra um það hvort óska eigi eftir samþættri þjónustu.

Í 4. mgr. 22. gr. frumvarpsins kemur fram að foreldri geti beint kvörtun yfir niðurstöðu stuðningsteymis um að ljúka störfum án stuðningsáætlunar til Gæða- og eftirlitsstofnunar velferðarmála. Er það mat umboðsmanns barna að börn eigi einnig að njóta sjálfstæðs réttar til þess að beina slíkri kvörtun til Gæða- og eftirlitsstofnunar velferðarmála.

Í greinargerð kemur fram að frumvarpið sé afurð víðtæks samráðs sem er ánægjulegt enda mikilvægt að sátt ríki um útfærslu þess. Hins vegar kemur fram að við undirbúning þessa frumvarps hafi ekkert samráð verið haft við börn. Það er með öllu ótækt að ekki sé haft samráð við börn við undirbúning og gerð frumvarps sem varðar hagsmuni barna með jafn ríkum hætti og hér er raunin. Börn og ungmenni eiga rétt á því að fá að taka þátt í stefnumótun og ákvarðanatöku í öllum málum sem þau varða samkvæmt 12. gr. Barnasáttmálans. Með þátttöku barna er hægt að greina álitamál, hindranir og tækifæri í málefnum barna sem þau hafa mikilvæga innsýn í. Mikilvægur þáttur í að innleiða Barnasáttmálann er að tryggja að hann sé með markvissum og kerfisbundnum hætti hafður að leiðarljósi við alla stefnumótun, lagasetningu og ákvarðanatöku sem varðar börn.

Börn eru ekki einsleitur hópur og þess vegna er mikilvægt að haft sé samráð við ólíka hópa barna, hér hefði verið ákjósanlegra að samráð væri haft við börn sem hafa reynslu af því að nýta sér þá þjónustu sem frumvarpinu er ætlað að samþætta.

Virðingarfyllst,



Salvör Nordal,
Umboðsmaður barna